





Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

## Breyting á aðalskipulagi - veitumannvirki í landi Upsa, 504-I

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum 15. apríl 2025 tillögu skipulagsráðs um stækkun lóðar undir vatnstank í landi Upsa. Breytingin er gerð til þess að byggja megi annan miðlunartank vestan og ofan við núverandi vatnstank. Tankarnir eru niðurgrafir.

Skráður minjastaður, Ey-109:023 gata leið, er á norðurjaðri landnotkunar-reitsins. Um er að ræða umfangsmiklar götur sem liggja meðfram Brimnesá. Með aðgát og merkingum skal komið í veg fyrir að framkvæmdir hafi áhrif á leiðina og næsta umhverfi hennar.

### Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum ákvæðum í greinargerð aðalskipulagsins. Breyting er gerð á sérákvæðum um landnotkunarreit 504-I í kafla 4.8 **Iðnaðarsvæði**.

### Gildandi skipulag:

| Nr.   | Stærð | Svæði                   | Lýsing                         | Skipulagsákvæði |
|-------|-------|-------------------------|--------------------------------|-----------------|
| 504-I | 0,7   | Veitumannvirki að Upsum | Núverandi vatns-veitumannvirki | Öbreytt         |

### Breytt skipulag:

| Nr.   | Stærð | Svæði                   | Lýsing                         | Skipulagsákvæði                                            |
|-------|-------|-------------------------|--------------------------------|------------------------------------------------------------|
| 504-I | 1,0   | Veitumannvirki að Upsum | Núverandi vatns-veitumannvirki | Miðlunartankar vatnsveitu. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

### Breytingar á skipulagsuppdrætti

Landnotkunarreit 504-I í landi Upsa norðan Dalvíkur er stækkaður um 0,3 ha til vesturs.

### Umhverfismatsskýrsla

#### a) Yfirlit

Sjá inngang.

#### b) Líkleg umhverfisáhrif

Fyrirhuguð framkvæmd hefur hvorki áhrif á vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, né menningarminjar.

- Breytingin hefur engin áhrif á aðra landnotkun.
- Breytingin er umfangslítill, þ.e. hefur ekki áhrif á stórt svæði.
- Breytingin er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á aðra aðila.

Breytingin stuðlar að bættu öryggi í rekstri vatnsveitu á Dalvík. Mannvirki munu ekki skerða almannarétt til útveru og útivistar.

#### c) Raunhæfir valkostir

Staðsetning nýs vatnstanks ræðst af núverandi veitukerfi. Aðrir valkostir eru óraunhæfir.

Liðir d) – f) sbr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 eiga ekki við.

Í breytingunni felst ekki veruleg breyting á landnotkun og er hvorki talið líklegt að hún hafi mikil áhrif á einstaka aðila né stórt svæði. Breytingin er því talin óveruleg miðað við viðmið í 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### LANDNOTKUN

- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnasvæði
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- Fristundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar
- TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjasrá
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- R Fornminjar
- Fornminjar, minjasvæði
- Fornminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

#### SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígar
- Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás
- ADRAR SKÝRINGAR
- Dælustöðvar

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann

29/4 2025

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann

29/4 2025

## AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR




Framkvæmdasvið  
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði A3: 1:50.000

BREYTING  
Veitumannvirki í  
landi Upsa, 504-I

29.4.2025



TEIKNISTOFA ARKITEKTA

KAUPANGI VIMYRAREG  
600 AKUREYRI  
SÍMI 461 5508  
NETFANG: arni@teikna.is